

Reglur um úthlutun lóða í Húnaþingi vestra

1. gr.

Til að fá úthlutaðri lóð frá Húnaþingi vestra þarf umsækjandi að skila inn undirritaðri lóðarumsókn.

2. gr.

Eftir að lóð hefur verið úthlutað hefur umsækjandi sex mánuði frá úthlutunardegi til að skila inn fullnægjandi byggingarnefndarteikningum og umsókn um byggingarleyfi, að öðrum kosti fellur úthlutunin úr gildi.

3. gr.

Frá og með samþykkt þessara reglna falla allar aðrar lóðaúthlutunarreglur Húnaþings vestra úr gildi.

4. gr.

Ef fjöldi gildra umsókna um lóðir er meiri en fjöldi lóða sem í boði eru skal dregið um lóðir. Úrdráttur skal fara fram á reglulegum fundum byggðarráðs.

Samþykkt á 1124. fundi byggðarráðs þann 7. febrúar 2022.

Samþykkt á 349. fundi sveitarstjórnar þann 10. febrúar 2022.

Þorbjörg Þor Egg
Ingaeldur Ása Konrátsdóttir
Sveinbjörg Rut Petersdóttir
Frónk Mír Sigurðsson
Sigríður - Þórfé.
Magnus Eðvaldsson